



Borgarráð

Reykjavík, 23. júní 2026

MSS25100071

Skipun samninganefndar til að semja við lóðarhafa bensínstöðvalóða samkvæmt 1. úrbótatillögu í úttekt Innri endurskoðunar og ráðgjafar frá 13. október 2025

Lagt er til að borgarráð samþykki að skipa samninganefnd til þess að semja við lóðarhafa bensínstöðvalóða, sem um er fjallað í samkomulögum Reykjavíkurborgar við rekstraraðila og lóðarhafa bensínstöðvalóða frá júní 2021 og febrúar 2022, um uppbyggingu lóðanna og endurgjald á markaðsvirði fyrir aukinn og breyttan byggingarrétt lóðanna, ásamt nýjum lóðarleiguréttindum.

Greinargerð.

Á fundi borgarstjórnar 7. maí 2024 var samþykkt að Innri endurskoðun og ráðgjöf Reykjavíkurborgar (IER) tæki að sér úttekt á aðdraganda og fyrirkomulagi samningaviðræðna Reykjavíkurborgar við rekstraraðila og lóðarhafa eldsneytisstöðva í Reykjavík.

Á fundi borgarráðs 16. október 2025 var kynnt úttekt IER, dags. 13. október 2025, *Samningaviðræður við rekstraraðila og lóðarhafa bensínstöðvalóða*. Á sama fundi samþykkti borgarráð að vísa 12 úrbótatillögum IER í úttektinni til sviða og skrifstofa innan Reykjavíkurborgar til frekari málsmeðferðar.

Samkvæmt 1. úrbótatillögu er lagt til að borgarlögmaður meti lagalega hvort samkomulög Reykjavíkurborgar við rekstraraðila og lóðarhafa bensínstöðvalóða frá júní 2021 og febrúar 2022 samrýmist reglum um samkeppni og ríkisaðstoð. Í kjölfar slíkrar greiningar skuli taka afstöðu til þess hvernig niðurstöðurnar kunna að hafa áhrif á ákvarðanir um frekari uppbyggingu á þeim bensínstöðvalóðum þar sem veittar ívilnanir hafa ekki enn komið til framkvæmda.

IER telur hin sérstöku samkomulög við lóðarhafa ekki hafa falið í sér endanlegar ákvarðanir um uppbyggingu eða byggingarheimildir og því hafi flest samkomulögin ekki enn leitt til ívilnana sem kynnu að brjóta gegn reglum um ríkisaðstoð eða jafnræði. Þó er bent á að samkomulögin hafi gengið skemur en samningsmarkmiðin gerðu ráð fyrir og einnig hafi skort lagalegar greiningar á mögulegri ívilnun, sérstaklega í þeim tilvikum þar sem samið var um breytta nýtingu á bensínstöðvalóðum sem voru með útrunna samninga.

Með vísan til umsagnar borgarlögmanns, dags. 24. apríl 2026, er lagt til að borgarráð samþykki að skipa samninganefnd til þess að semja við fyrrgreinda lóðarhafa um uppbyggingu lóðanna og endurgjald á markaðsvirði fyrir aukinn og breyttan byggingarrétt lóðanna, ásamt nýjum lóðarleiguréttindum, sbr. hjálagt erindisbréf.



Hildur Björnsdóttir
borgarstjóri

Hjálagt:

Erindisbréf – Samninganefnd til að semja við lóðarhafa bensinstöðvarlóða samkvæmt 1. úrbótatillögu í
úttekt Innri endurskoðunar og ráðgjafar frá 13. október 2205.



Reykjavík



ERINDISBRÉF

Samninganefnd til að semja við lóðarhafa bensínstöðvalóða

Ábyrgðaraðili:

Borgarstjóri.

Inngangur

Á fundi borgarráðs 16. október 2025 var kynnt úttekt IER, dags. 13. október 2025, *Samningaviðræður við rekstraraðila og lóðarhafa bensínstöðvalóða*. Á sama fundi samþykkti borgarráð að vísa 12 úrbótatillögum IER í úttektinni til sviða og skrifstofa innan Reykjavíkurborgar til frekari málsmeðferðar.

Samkvæmt 1. úrbótatillögu var lagt til að borgarlögmaður meti lagalega hvort samkomulög Reykjavíkurborgar við rekstraraðila og lóðarhafa bensínstöðvalóða frá júní 2021 og febrúar 2022 samrýmist reglum um samkeppni og ríkisaðstoð. Í kjölfar slíkrar greiningar skuli taka afstöðu til þess hvernig niðurstöðurnar kunna að hafa áhrif á ákvarðanir um frekari uppbyggingu á þeim bensínstöðvalóðum þar sem veittar ívilnanir hafa ekki enn komið til framkvæmda.

IER telur að hin sérstöku samkomulög við lóðarhafa ekki hafa falið í sér endanlegar ákvarðanir um uppbyggingu eða byggingarheimildir og því hafi flest samkomulögin ekki enn leitt til ívilnana sem kynnu að brjóta gegn reglum um ríkisaðstoð eða jafnræði. Þó er bent á að samkomulögin hafi gengið skemur en samningsmarkmiðin gerðu ráð fyrir og einnig hafi skort lagalegar greiningar á mögulegri ívilnun, sérstaklega í þeim tilvikum þar sem samið var um breytta nýtingu á bensínstöðvalóðum sem voru með útrunna samninga.

Helstu verkefni samninganefndar:

- Að semja við lóðarhafa bensínstöðvalóða um uppbyggingu lóðanna og endurgjald á markaðsvirði fyrir aukinn og breyttan byggingarrétt lóðanna, ásamt nýjum lóðarleiguréttindum.

Samninganefndina skipa:

- Óttar Pálsson, formaður
- Ebba Schram, borgarlögmanni (BLÖ)
- Bjarki Rafn Eiríksson, fjármála – og áhættustýringarsviði (FAS)
- Glóey Helgudóttir Finnsdóttir, umhverfis- og skipulagssviði (USK)

Starfsmaður samninganefndarinnar:

- Oddrún Helga Oddsdóttir, umhverfis- og skipulagssviði (USK)

Til ráðgjafar og samstarfs:

Starfshópurinn leiti til annarra sérfræðinga innan og utan borgarkerfis með sérþekkingu á viðfangsefninu eins og þurfa þykir.





Starfstímabil og skil:

Starfshópurinn skili ábyrgðarmanni tillögum fyrir lok 1. nóvember 2026.

Reykjavík, [dags.]

Hildur Björnsdóttir
borgarstjóri